

---

## Breikkun Vesturlandsvegur í Reykjavík

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 10. október 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Vesturlandsvegur í Reykjavík samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.07 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Breikkun Vesturlandsvegur - Tillaga að matsáætlun. Vegagerðin, 10.10.2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Reykjavíkurborg með bréfi dags. 29. október 2019
- Fiskistofu með bréfi dags. 5. nóvember 2019
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 29. október 2019
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 24. október 2019
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 31. október 2019
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 4. nóvember 2019
- Samgöngustofu með bréfi dags. 4. nóvember 2019
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. október 2019

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun barst frá Marteini Mássyni f.h. Gunnars Guðbjartssonar landeiganda Króks þann 30. október 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 11. nóvember 2019.

#### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

##### Fornleifar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að mat verði lagt á áhrif á menningarminjar og fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á. Jafnframt verða útbúin kort sem sýna staðsetningu menningarminja á svæðinu.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að sýna þurfi staðsetningu og útlínur minja á loftmynd/korti ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja. Stofnunin bendir á að þar sem hönnun hliðarvega er enn á frumstigi þurfi að taka tillit til fornleifa við ákvörðun um legu hliðarvega og jafnframt að velja þurfi svæði til haugsetningar með tilliti til fornleifa.



Í svörum Vegagerðarinnar segir að við hönnun framkvæmdar verði leitast við að taka tillit til fornleifa eins og kostur er.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig farið hafi verið að tilmælum Minjastofnunar Íslands um legu hliðarvega og haugsetningu á framkvæmdatíma og gera grein fyrir áhrifum á fornleifar sem kunna að verða vegna þessara framkvæmdaþátta og mögulegum mótvægisáðgerðum.

### **Hljóðstig**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að mat verði lagt á áhrif framkvæmda á hljóðvist, þ.e. hávaðamyndun vegna umferðar á breikkuðum vegi eftir að framkvæmdum lýkur og settar fram tillögur til þess að lágmarka áhrifin og lagðar til mótvægisáðgerðir.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir í hverju þær mótvægisáðgerðir felast sem koma eiga í veg fyrir að hljóðstig í íbúðarbyggð fari yfir mörk reglugerðar um hávaða. Fjalla þarf um hvort og hvernig samráð verði eða hafi verið haft við íbúa sem búa næst veginum um fyrirkomulag fyrirhugaðra mótvægisáðgerða.

### **Hofsvík**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Hofsvík sé á framkvæmdaáætlun friðlýsingar vegna fjöruvistgerða og að við Hofsvík sé skilgreint mikilvægt fuglasvæði og sé mikið fuglalíf allt árið um kring. Áhrifasvæði framkvæmdar liggur nálægt og að litlu leyti inn á það svæði.

Í frummatsskýrslu þarf að koma skýrt fram hvort framkvæmdir feli í sér röskun á fjöru í Hofsvík og leggja þarf mat á hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á mikilvægt fuglasvæði við víkina.

### **Valkostir**

Í tillögu að matsáætlun segir að ekki sé talin þörf á að skoða valkosti. Einnig segir að hönnun hliðarvega hafi snúist um að lágmarka rask en á sama tíma að fækka tengingum við veginn og auka umferðaröryggi.

Skipulagsstofnun bendir á að skv. tillögu að matsáætlun er hönnun hliðarvega enn á frumstigi. Með vísan til þess og að áhrif framkvæmdar á fornleifar munu að einhverju leyti ráðast af úrfærslu hliðarvega telur Skipulagsstofnun tilefni til að fjalla um ólíka valkosti varðandi hönnun hliðarvega.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim valkostum á útfærslu hliðarvega sem skoðaðir hafa verið eða koma til greina.

### **Vöktun**

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## **4 NIÐURSTAÐA**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig farið hafi verið að tilmælum Minjastofnunar Íslands um legu hliðarvega og haugsetningar á framkvæmdatíma og gera grein fyrir áhrifum á fornleifar sem kunna að verða vegna þessara framkvæmdaþátta og mögulegum mótvægisáðgerðum.



2. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir í hverju þær mótvægisáðgerðir felast sem koma eiga í veg fyrir að hljóðstig í íbúðarbyggð fari yfir mörk reglugerðar um hávaða. Fjalla þarf um hvort og hvernig samráð verði eða hafi verið haft við íbúa sem búa næst veginum um fyrirkomulag fyrirhugaðra mótvægisáðgerða.
3. Í frummatsskýrslu þarf að koma skýrt hvort framkvæmdir feli í sér röskun á fjöru í Hofsvík og leggja þarf mat á hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á mikilvægt fuglasvæði við víkina.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim valkostum á útfærslu hliðarvega sem skoðaðir hafa verið eða koma til greina.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 30. desember 2019.

Reykjavík, 29. nóvember 2019

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson